



## Heimalestur í 1. - 6. bekk

Við upphaf skólagöngu er nauðsynlegt að foreldrar taki virkan þátt í heimalestri barna sinna. Markmið heimalestrar er að börn auki lesfimi sína og bæti orðaforða og málskilning. Foreldrar eru því mikilvægir þátttakendur í lestrarþjálfun barna sinna og hafa hlutverk lestrarþjálfara.

Á yngsta- og miðstigi lesa nemendur heima að minnsta kosti 5 sinnum í viku, fyrir alla virka daga, í 15 mínútur. Foreldrar hlusta á upplestur, fylgjast með framvindu og skrá lestur í lestrardagbók.

Ef heimalestri er ekki sinnt er það skráð í Mentor, skráningarkerfi skólans.

### Ef ekki er kvittað fyrir heimalestur er ferlið eftirfarandi:

1. Minnt á heimalestur með skilaboðum í lestrardagbók við fyrsta skipti.
2. Kennari sendir tölvupóst til foreldra/forráðamanna eftir fimm skipti.
3. Kennari fylgir eftir tölvupósti eftir 10 skipti með símtali.
4. Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með kennara og skólastjórnendum ef ofangreindar aðgerðir hafa ekki borið árangur.